

Nd.

684. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýting markaða o. fl.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist:
Í fiskimálanefnd má ekki skipa stjórnarmenn eða starfsmenn neins fiskútflytjendafélags.
2. Við 2. gr. Fyrsti málslíður orðist svo:
Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, ef þau verða fyrirskipuð.
3. Við 3. gr.
 - a) Fyrir „fiskimálanefndar“ í fyrsta málslíð komi: atvinnumálaráðherra.

- b) Fyrir „nefndin“ í síðasta málslið komi: atvinnumálaráðherra.
- c) Aftan við greinina bætist:
- Atvinnumálaráðherra getur falið fiskimálanefnd eða almennu fisk-sölusamlagi (sbr. 2. málsgrein 4. greinar) úthlutun útflutningsleyfa og framkvæmd annara starfa samkvæmt lögum þessum, eftir því sem ráð-legt þykir.
4. Við 4. gr.
- a) Fyrir „Fiskimálanefnd“ í upphafi gr. kemur: Atvinnumálaráðherra.
- b) Fyrir „80% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá fiskimálanefnd ákveðið“ í 2. másl. kemur: 65% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið.
- c) Aftan við 3. málsg. bætist: enda skulu þeir hlíta fyrir mælum atvinnu-málaráðherra um framboð, lágmarksverð og útflutningstíma á saltfiski og njóta um það jafnréttis við hið almenna fiskisölusamlag.
- d) Fyrir „Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, sem að framan greinir, sækir um og fær löggildingu fiski-málanefndar, getur nefndin löggilt“ í síðustu málsg. kemur: Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, sem að framan greinir, sækir um löggildingu, getur atvinnumálaráðherra löggilt.
5. Við 5. gr. Fyrir „Þeir, sem samkvæmt 4. og 5. gr. fá löggildingu nefndar-innar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrir mælum hennar“ kemur: Þeir, sem samkvæmt síðasta málslið 4. gr. fá löggildingu atvinnumálaráðherra sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrir mælum fiskimálanefndar.
6. Við 6. gr.
- a) Fyrir „nefndinni“ í upphafi greinarinnar komi: fiskisölunefndinni.
- b) Aftan við greinina bætist: Er nefndinni skylt að gefa atvinnumálaráð-herra þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegt til að varðveitt verði jafnrétti fiskframleiðenda.
7. Við 8. gr. Fyrir „Allir fiskframleiðendur skulu fyrir þann tíma“ í upp-hafi greinarinnar kemur: Ef atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir, skulu allir fiskframleiðendur fyrir þann tíma.
8. Við 11. gr. Fyrir „fiskimálanefnd“ kemur: atvinnumálaráðherra.
9. Við 12. gr.
- a) Orðin „enda séu þá framkvæmdastjórar þrír, og tilnefni fiskimála-nefnd einn þeirra“ í lok fyrstu málsg. falli niður.
- b) Orðin „eða fiskimálanefnd mæli eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur“ í 2. málsg. falli niður.
- c) Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
- Nú verður slík einkasala fyrirskipuð, og skal þá ríkisstjórnin gefa fiskframleiðendum kost á að taka hana í sínar hendur þegar er stofnað verður félag fiskframleiðenda, er fullnægi 2. málsg. 4. gr.